

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025,
Ásvellir - sjálfsafgreiðslubensínstöð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 17. desember 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 frá 18. maí 2007.

Breytingin felst í því að hluti opins svæðis til sérstakra nota sem er hluti bílastæðis við íþróttasvæði Hauka við Ásvelli 1, breytist í lítið verslunar- og þjónustusvæði þar sem gert er ráð fyrir sjálfsafgreiðslubensínstöð með aðkomu frá Ásbraut.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. desember 2009.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.